

# Héraðsbókasafn Dalasýslu

## Ársyfirlit 2021 – 2022

### Starfsmenn

Bókavörður í 50% starfi er Sigríður Jónsdóttir. Í sumarfríum og forföllum hefur Puríður Sigurðardóttir leyst af.

### Starfsemi

Starfsemi bókasafnsins var þessi tvö ár með nokkuð ólíkum hætti. Fyrri árið litaðist mjög af COVID19, regluverki og takmörkunum í kring um það. Voru af þeim sökum t.d. lítið um sýningar fyrri árið og heimsóknir umtalsvert færri.

Hins vegar gafst þeim mun meiri tími í tiltektir og skipulagsvinnu inni á safninu og er nú orðið aðgengi fyrir allan almenning annars vegar í litla geymslukompu þar sem hægt er að heilsa upp á gamla erlenda reyfara, og svo líka í stærri geymslu þar sem hægt er að finna eldra efni, íslenskar skáldsögur, fræðslutengt efni, ljóð og æviþætti

Árið 2022 var með allt öðru sniði, heimsóknum fjölgaði og ánægjulegt að segja frá því að nemendur bæði á mið og efstu deildum skólans hafa markvisst komið á safnið og valið sér bækur til yndislestrar.

Sumarbingó var í fyrsta skipti haldið 2022, gafst það vel og fékk ljómandi góðar undirtektir. Þátttakendur sem skiluðu inn útfylltu bingóspjaldi fengu glaðning frá bókasafninu og var mikil ánægja með viðburðinn.

Í desember var svo unnt að taka upp þráðinn frá 2019 og lesa upp úr nýjum bókum á öllum stigum Auðarskóla sem og á Silfurtúni.

### Útlán og innkaup

Útlán standa í heildina nokkuð í stað. Dyggir fastakúnnar halda tryggð sinni við bókasafnið, og auk þess eins og áður sagði eru yngri lesendur að koma meira inn.

Innkaup hafa staðið í járnum miðað við fjárheimildir, og raunin er sú að einmitt þessi tvö ár hefur fjármagn verið í naumara lagi en aukin heimild fyrir árið 2023 veitir góða von um að ekki þurfi að skera innkaup við nögl á ári komanda.

## Sýningar

Reynt hefur verið að halda úti nokkrum örsýningum í samstarfi við Byggðasafn Dalasýslu. Má nefna sýningu á bollapörum, mjólkurílátum, fuglum, umbúðum og munum úr eigu sýslumanna. Einnig hafa verið nokkra örsýningar frá leik og grunnskóla og má nefna að nú síðast var uppi sýning frá Tröllakletti þar sem börn höfðu unnið litrík verk útfrá uppdráttum af höndum þeirra. Markmið þessarar samvinnu er ekki hvað síst að lífga upp á umhverfi og andlit bókasafnsins auk þess að skapa umræður eldri og yngri heimsóknargesta um þá muni sem til sýnis eru hverju sinni.

## Alma – nýja bókasafnskerfið

Sannarlega erfið meðganga en ekki eftir því erfið fæðing. Innleiðing nýja kerfinsins fór fram á vormánuðum 2022 og var það opnað fyrir allri notkun í júní 2022. Bókavörður sat ófáa undibúningsfundi og allnokkur námskeið auk þess að fá óteljandi tölvupósta með tilheyrandi viðhengjum, og skýringarmyndbönd í talsverðum mæli. Allt hefur þetta gengið með ágætum, ekki alveg hnökralaust en sem betur fer hefur flest það sem upp á kom verið þess eðlis að lítið mál hefur verið að kippa því í liðinn. Er þá sama hvort það hefur verið tæknilegs eðlis eða vegna óvana bókavarðar að vinna í mikið breyttu umhverfi.

Það sem af er notkunartíma virðist þetta vera ágætis kerfi, sumt mun betra og þægilegra en sumstaðar hafa leiðirnar lengst óþarflega mikið þegar kemur að vinnulagi og verkferlum .

## Tölfræði

Samkvæmt listum frá Landskerfi bókasafna má sjá að fyrstu fimm mánuði síðustu fjögurra ára voru útlánatölur eftirfarandi:

2019 – 824 eintök

2020 – 483 eintök

2021 – 588 eintök

2022 – 634 eintök

Eflaust má gefa sér að heimsfaraldur hafi sett sitt mark á ástæðu þess að útlán dragast saman, en eitthvað má rekja til aukinnar noktunar rafbóka og hljóðveitna auk þess sem notendahópur safnsins er ávallt breytilegur. Bókaverði þykir þó góðs viti að sjá tölurnar heldur á uppleið aftur.

Ástæður þess að bókavörður valdi fyrstu fimm mánuði þessara ára eru tvær. Annars vegar er ekki komin út tölfræði yfir útlán síðustu sjö mánaða fyrir árið 2022 og svo hins vegar var skráning útlána með handvirkum hætti um tveggja mánaða tímabil síðastliðið sumar vegna kerfisbreytinga yfir í Ölmú.

## **Framundan**

Þar sem hafnar eru framkvæmdir í húsinu til endurbóta og endurnýjunar leyfir bókavörður sér að vona að ekki muni koma til þess að safnið verði þar afskipt. Fyrir liggur að í veggjum eru rakaskemmdir, opnanleg fög hvorki vatns né vindheld, ofnakerfi komið á tíma og virkileg þörf á að taka gólfefni og veggi til endurbóta.

Bókavörður hefur þegar ákveðið að skipta út gömlu þreyttu sófasetti og mun sú ráðstöfun verða framkvæmd snemma árs 2023.